



HVERSU GÓÐUR ER SKÓLINN OKKAR SJÁLFSMATSSKÝRSLA TRÖLLABORGAR

Veturinn 2022-2023



Jóhanna Sveinbj. Traustadóttir



Efnisyfirlit

Meginniðurstöður	3
Yfirlit matsþátta á árinu og einkunnagjöf	3
Inngangur	4
Leikskólinn Tröllaborg	5
Starfsfólk Tröllaborgar	5
Nemendur	6
Húsnæði	6
Áherslupættir í starfi Tröllaborgar	6
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	7
Framkvæmd matsins	8
Sjálfsmatsteymi	9
Hlutverk teymis	10
Sjálfsmat skólaárið 2022-2023	10
Umbótaáætlun skólaársins 2022-2023	12
Eftirfylgni/endurmat umbótaáætlunar 2022-2023	14
Mat á starfsáætlun	15
SMT – Set listinn	16
Skólapúlsinn – foreldrakönnun	17
Áætlun um sjálfsmat 2022-2025	21
Viðauki 1 - einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu <i>Hversu góður er skólinn okkar?</i>	22



Meginniðurstöður

Í upphafi skólaárs var kosið sjálfsmatsteymi sem hafði það hlutverk að halda utan um og skipuleggja sjálfsmat leikskólans samkvæmt sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Alls voru lagðir fyrir 5 gæðagreinar til mats og umbóta. Heildareinkunn hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í hverjum gæðagreini sem þátttakendur í mati lögðu fram og einnig umbótaáætlanir.

Í skýrslunni er sett fram þriggja ára áætlun sem byggir á gæðaviðmiðumsjálfsmatsaðferðarinnar. Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í sjálfsmatinu sem fór fram á starfsdögum.

Starfsmannakönnun og foreldrakönnun Skólapúlsins eru lagðar fyrir annað hvert ár. Þann 1. febrúar 2023 var lögð könnun fyrir foreldra. Rýnt hefur verið í niðurstöður og heildarsamantekt sett í skýrsluna.

Yfirlit matsþátta á árinu og einkunnagjöf

Matsfundur 8. nóvember 2022	Einkunnargjöf
g.g 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	4,4,5,5
g.g 2.6 Samfella í skólastarfi	5,5,5,5

Matsfundur 2. janúar 2023	Einkunnargjöf
g.g 3.3 Sköpun og leikni/færni	5,5,5
g.g 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	5,5
g.g 2.2 Skólanámskrá	4,4,5

Nemendur

Ekki voru tekin rýnihópaviðtöl við nemendur.



Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ítarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka I.

Einkunnagjöf skv. sjálfsmatsaðferðinni
<i>Hversu góður er leikskólinn okkar</i>
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 - <i>gott</i>
Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 - <i>slakt</i>
Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i>

Skólapúslinn - foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Tröllaborg 1. febrúar 2023. Könnunin mælir 31 almenna þætti í 6 flokkum. Könnunin er lögð fyrir alla foreldra og búinn til þátttökulistar, aðeins annað foreldrið fær boð um þátttöku en ef það svarar ekki, fær hitt foreldrið líka boð. Aðeins er svarað fyrir eitt barn þó foreldrar eigi fleiri í leikskólanum. Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl ef 80% svarhlutfall næst. Svarhlutfall í Tröllaborg var 87% en samtals svöruðu könnuninni 20 foreldrar af 23.

Inngangur

Samkvæmt *lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið



2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sama ár. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á

Leikskólinn Tröllaborg

Starfsfólk Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir í 100% starfshlutfalli. Staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar eru tveir; Ásrún Leósdóttir á Hofsósi og Christine Hellwig á Hólum. Fjöldi starfsmanna í Tröllaborg voru 1. október 2022, 12 starfsmenn að meðtöldum leikskólastjóra í 10,95 stöðugildum.

Starfsheiti og stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	1
Deildarstjóri/leikskólakennari	2	2
Leikskólakennari	2	1,5
Leikskólaliði	1	0,5
Starfsmaður í leikskóla	2	2
Ræsting/afleysing	2	1,975
Matráður á Hofsósi/afleysing	1	0,975
Matráður á Hólum	1	1
Samtals	12	10,95 stöðugildi



Nemendur

Þann 1. október 2022 voru alls 29 nemendur í leikskólanum, 14 á Hofsósi og 15 á Hólum. Um vorið fjölgaði um 3 börn á Hofsósi og var þá nemendafjöldinn orðinn 32.

Nemendafjöldi eftir árgöngum 1. október 2021

Árgangur	Nemendafjöldi
2017	10
2018	5
2019	5
2020	4
2021	5
Samtals	29

Húsnæði

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt og hlaut leikskólinn nafnið Tröllaborg. Tröllaborg er rekin á tveimur starfsstöðvum þ.e. Hofsósi og Hólum og er leikskólinn í sambyggðu húsnæði með grunnskólanum.

Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur í leikskólastarfinu og mótast þær af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu, ytri aðstæðum, menntun og reynslu starfsfólksins og þeim kenningum sem litið er til við skipulagningu starfsins. Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn *skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Aðalnámskrá leikskóla*. Aðaláhersla er lögð á leikinn, læsi, umhverfismennt, skapandi starf og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best á eigin forsendum. Þá er litið til kenninga Johns Dewey sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga Lev Vygotsky sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.



Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskaþætti. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Þetta leiðir einnig til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Það er lykilatriði að allir starfsmenn leikskólans komi að sjálfsmatinu. Tröllaborg hefur frá haustinu 2017 notað sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Til að meta eigin vinnu og finna okkar sterku hliðar, finna þá þætti sem þarf að bæta og gera þróunaráætlanir til endurbóta.

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjú lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu. Að auki hefur starfsfólk unnið sjálft sína lykilþætti byggða á sérstöðu leikskólans.

1. Forysta og stjórnun

2. Námskilyrði

3. Velgengni og árangur

4. Aðrir lykilþættir úr Tröllaborg s.s. útikennsla, samvera og hópastarf.

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar.



1. *Hvernig stöndum við okkur?*
2. *Hvernig vitum við það?*
3. *Hvað gerum við næst?*

Með sjálfsmatsstefnunni fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6.

Við notum einkunnaskala frá 1-6 til að meta gæðagreinana. Sett eru fram viðmið t.d. um einkunnina 5 eða ***mjög gott***, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið leikskólastarfsins. Hljóti leikskóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnarskala í viðauka I.

Framkvæmd matsins

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk skólans hefur búið til og byggja á sérstöðu leikskólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat síðar í skýrslunni.

Starfsmenn leikskólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum (deildarskipt eða blandaðir hópar) og matsþáttum hverju sinni. Eitt matseyðublað fylgir hverjum gæðagreini, þar sem annars sjálfsmatsteymið hefur sett saman matseyðublað annars vegar úr *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að leikskólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka I. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í



lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast umbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er leikskólinn okkar?* í fimm skrefum:

Skilgreining lykilþátta, undirþátta eða þema eftir því sem við á.

Skilgreining viðmiða, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.

Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta, umsögn og einkunnagjöf.

Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.

Eftirfylgni umbóta.

Sjálfsmatsteymi

Á hverju hausti kjósa starfsmenn sjálfsmatsteymi sem sér um skipulagningu á sjálfsmatinu. Þeir sem skipa sjálfsmatsteymi veturinn 2022-2023 voru Eyrún B. Guðmundsdóttir, Ólinga Björnsdóttir og Jóhanna Sv. Traustadóttir.



Hlutverk teymis

Sjálfsmatsteymið ákveður hvaða gæðaviðmið og gagnlegu spurningar eru valdar. Starfsmönnum er skipt upp í þrjá eða fjóra hópa og skiptir sjálfsmatsteymið og/eða leikskólastjóri starfsfólki í hópa og stýrir vinnunni. Leikskólastjóri sér um skýrslugerð sem skilað er í haust til fræðslustjóra og er hún þá einnig sett á heimasíðu leikskólans.

Sjálfsmat skólaárið 2022-2023

Sjálfsmatið fór fram á starfsdögum og var starfsmönnum skipt upp í tvo, þrjá eða fjóra hópa. Oftast var starfsfólki blandað saman í hópa, þvert á deildar. Vinna við matið gekk vel enda starfsmenn orðnir vanir þessari vinnu.

Matsfundur 8. nóvember 2022	
g.g 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	4,4,5,5
g.g. 2.6 Samfella í skólastarfi	5,5,5,5

Mat á gæðagreini 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

Gæðagreinirinn var metinn í fjórum hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar eru starfsfólk er alltaf með í ráðum, starfsfólk fær að taka þátt og koma með ábendingar. Allt starfsfólk er meðvitað um að fjármagn er ekki ótakmarkað og unnið er að öryggismálum á fyrirbyggjandi hátt. Styrkleikar liggja einnig í öryggi og fjölbreyttum kennsluháttum. Það sem við þurfum að bæta okkur í er að upplýsa allt starfsfólk betur um fjárhag t.d. matráða. Varðandi öryggisþætti á Hofsósi eru lausar hillur þar og hóll á leikskólalóð of nálægt leiktækjum. Á Hólum eru klemmuvarnir á hurðum ábótavant.

Mat á gæðagreini 2.6 Samfella í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn í fjórum hópum starfsmanna. Helstu styrkleikar eru að starfsfólk vill standa mjög vel hvað varðar alla þætti gæðagreinisins ásamt persónulegt og faglegt utanumhald fyrir hvern og einn. Gott ferli og



mikið samstarf er til varðandi skil milli skólastiga og kostur að bæði skólastigin eru undir sama þaki. Við tryggjum þátttöku foreldra, barna og annarra samstarfsaðila þegar færni barns er metin með samtali, matslistum, teymi barna, SMT samræðu og foreldraviðtölum. Foreldrar og börn eru virkir þátttakendur í skólaskilum með samráði, einstaklingsmiðuðu námi, foreldrafundum og viðtölum sem og virkri samstarfsáætlun leik- og grunnskólans. Það sem þarf að bæta er að starfsfólk þarf að muna að vera alltaf á tánum og sækja sífellt fræðslu. Þurfum að auka stuðning við börn em eiga erfitt með að skipta milli skólastiga.

Matsfundur 2. janúar 2023	Einkunnargjöf
g.g 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	5,5,5
g.g 2.2 Skólanámskrá	5,5
g.g 3.3 Sköpun og leikni/færni	4,4,5

Mat á gæðagreini 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Sterku þættirnir eru góður skólabragur, gegnsæir verkferlar og starfsfólk vel upplýst og með í ýmsum ákvörðunum. Mikilvægustu þættirnir eru að allir séu vel upplýstir, vinni að sama marki og allt sé aðgengilegt og sýnilegt. Mat á gæðagreinum sjá um að uppfæra starfsfólkið. Það sem má bæta er að starfspróunarsamtölin mættu tengjast meira því hvort starfsfólk sé að standa sig vel í starfi. Einnig vantar fleiri námskeið í boði fyrir ófaglærða því ófaglærðir fá ekki tækifæri til að sækja símenntun til jafns við faglærða. Námskeið eru eftir vinnu þarf að borga úr eigin vasa. Ef það er á vinnutíma, er erfitt fyrir ófaglærða (sem eru mest inni á deild) að sækja námskeið vegna manneklu. Ætti að vera einn sjóður fyrir leikskóla sem hvaða starfsmaður sem er getur sótt í óháð menntun.

Mat á gæðagreini 2.2 Skólanámskrá

Gæðagreinirinn var metinn í tveimur hópum starfsmanna. Styrkleikar byggjast á að skólanámskráin hefur vægi í skólastarfinu, skilningur ríkir um



mikilvægi leiksins og skýr áhersla er lögð á þróun leikni í málskilningi og tölulæsi hjá börnum. Það sem betur má fara er að það mættu vera fleiri námskeið tengd kennslufræði og starfsfólk mætti vera duglegra að leyfa börnunum að taka ákvarðanir um skólastarfið.

Mat á gæðagreini 3.3 Sköpun og leikni/færni

Gæðagreinirinn var metinn í þremur hópum starfsmanna. Styrkleikar okkar eru að börnin hafa mikið svigrúm til sköpunar vegna smæðar og starfið er ekki allt niðurnjörvað. Börnin hafa mikið að segja um val á viðfangsefni í leik. Útiumhverfið, skógurinn, fjaran og fleira eru styrkleikar sem við búum við. Mikilvægustu þættir okkar eru sveigjanleiki, hugmyndaflug, tími og starfsfólk og að vera meðvitaður um umhverfi sitt. Það sem við myndum vilja gera betur er að nýta tæknina til að kveikja áhuga barnanna á viðfangsefnum, sem og fyrir kennara að nýta sem viðbót við námið. Veltum fyrir okkur hvort hlutverk leikskólanna sé að hvetja til aukinnar tækninotkunar þó svo að upplýsingatækni sé nauðsynleg og eðlileg þróun. Framboðið af slíkri afþreyingu er heima fyrir en í leikskólanum getum við lagt áherslu á félagslega færni og samkennd í hóp. Við gætum líka búið til áætlun um hvernig við ætlum að framkvæma nám í gegnum upplýsingatækni, en þá þarf tæknibúnaður að vera til staðar. Einnig viljum við nota meira náttúrulegan efnivið til sköpunar.

Mat nemenda

Þetta árið tóku nemendur ekki þátt í innra mati á skólastarfinu eins og áætlað var. Gerum betur næsta vetur.

Umbótaáætlun skólaársins 2022-2023

g.g. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
Hvað þarf að gera?
Fjármagn þarf til að bjóða ófaglærðum upp á símenntun líkt og faglærðir.



Starfspróunarsamtöl mættu tengjast meira hvort starfsfólk sé að standa sig vel í starfi.

g.g. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

Hvað þarf að gera?

Upplýsa starfsfólk betur um fjárhagsáætlun leikskólans.

Festa hillur, setja klemmuvarnir og athuga með hólinn.

g.g. 2.2 Skólanámskrá

Hvað þarf að gera?

Fleiri námskeið tengd kennslufræði barna.

Starfsfólk mætti vera duglegra að leyfa börnunum að taka ákvarðanir um skólastarfið.

g.g. 2.6 Samfella í skólastarfi

Hvað þarf að gera?

Starfsfólk þarf að alltaf að vera á tánum og sækja sér sífellt fræðslu.

Auka stuðning við börn sem finnst erfitt að skipta um skólastig.

g.g. 3.3 Sköpun og leikni/færni

Hvað þarf að gera?

Meiri tími til frjáltrar sköpunar en þá þarf starfsfólk að vera meira með og tími, oft ekki hægt vegna manneklu og plássleysis.

Mikið samstarf milli leik- og grunnskóla, mætti vera meira en útikennsla. Þemu mættu stjórnast af leikskólanum jafns á móti grunnskóla.

Væri gaman að geta gert meira af því að börn skapi frá grunnni, en þarf tíma og starfsfólk.

Við viljum hafa tæki (upplýsingatækni) en ekki sem námsefni heldur sem stuðningur við þá kennslu sem kennari leggur fram t.d. myndefni, myndbönd o.þ.h.



Viljum miklu frekar einblína á félagslega færni og samkennd en að hvetja börnin til að þekkja fjölbreytta tækni í leikskólanum, heima og í nærumhverfinu. Tækin eru ekki vandamál hjá þeim í dag, viljum að þau þekki nærumhverfi sitt, náttúru og sögu frekar.

Búa til áætlun um hvernig við ætlum að nýta tækni til náms.

Ekki mikill tæknibúnaður til.

Eftirfylgni/endumat umbótaáætlunar 2022-2023

Farið var yfir þróunaráætlun sjálfsmats og eru niðurstöður úr því hér.

g.g. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun

Faglærðir eiga auðveldara með að sækja um styrki hjá sínu stéttarfélagi en ófaglærðir.	Snýst aðallega um stéttarfélög.
Skipuleggja símenntun fyrir veturinn sem gagnast öllu starfsfólki, óháð stéttarfélagi/menntun.	Leikskólastjóri.

g.g. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

Fjárhagsáætlun leikskólans var kynnt öllu starfsfólki í vor 2023.	Leikskólastjóri.
Búið að setja klemmuvarnir á hurðar á Hólum (vor 2023).	Leikskólastjóri – áhaldahús.
Lausar hillur á Hofsósi, beðið eftir að teknar verði neðri skápaeyningar á a.m.k. tveimur stöðum til að setja hillur á rétta staði.	Leikskólastjóri – vantar leyfi til að mega taka neðri einingarnar í burtu.

g.g. 2.2 Skólanámskrá

Fleiri námskeið um kennslufræði barna.	Leikskólastjóri.
Starfsfólk skapi börnum tækifæri til að taka ákvarðanir um skólastarfið.	Allt starfsfólk.

g.g. 2.6 Samfella í skólastarfi

Starfsfólk sé alltaf á tánum, sækir sér fræðslu.	Starfsfólk.
--	-------------



Þurfum að auka stuðning við börn sem eiga erfitt með skipti á skólastigum.	Leikskólastjóri, deildarstjórar, starfsfólk.
--	---

g.g. 3.3 Sköpun og leikni/færni	
Meiri tími til frjálrar sköpunar. Skoða dagskipulag og breyta því svo tími gefist.	Deildarstjórar og starfsfólk.
Aukið samstarf við grunnskólans, þarf að ræða haustið 2024.	Skólastjórar, deildarstjórar og umsjónarkennarar.
Nýta tæknina til að kveikja á hugmyndum hjá börnum og starfsfólki.	Starfsfólk.
Starfsfólk þarf að fá tækifæri til að ræða saman um hvernig nám og tækni er nýtt í leikskólanum, hvað gengur vel og hvert viljum við stefna.	Leikskólastjóri – starfsmannfundur.
Yfirlit yfir tæknibúnað, hvað þurfum við?	Leikskólastjóri – starfsmannafundur.

Mat á starfsáætlun

Mat á starfsáætlun hefur ekki farið formlega fram en verður sett á dagskrá á deildarstjórafund í haust. Þá verður farið sameiginlega yfir hvern kafla og merktu hvað hafði tekist og hvað komst ekki í verk. Við þyrftum að búa okkur til matslista eins og eru í sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og meta árangur starfsáætlunarinnar á síðasta starfsmannafundi að vori.

Viðhaldslistinn í starfsáætluninni er nokkuð langur listi en margt komið til framkvæmda frá árinu áður eins og sjá má í starfsáætlun Tröllaborgar 2023-2024. Ný leikskólalóð er komin á Hóla og vel að henni staðið. Enn á eftir að klára nokkur atriði í kringum hana sem og snjóbræðslu á stétt sem verður vonandi kláruð 2024. Gólfhitinn á Hofsósi er ennþá til trafala en tvisvar sinnum varð vatnsleki í fyrravetur; í fyrra skiptið þegar heitt vatn flæddi úr annarri lagnagrindinni inn í salerni barna og hitt skiptið þegar heitt vatn lak úr lagnagrindinni inn í tæknirými og það fylltist af heitri gufu. Í báðum tilvikum fór betur en áhorfðist og tjón minna en áætlað var. Ekki má gleyma



að það kemur oft eitthvað óvænt upp á sem þarf viðhalds strax og hefur oftast gengið vel að fá það gert.

Starfsþróunarsamtöl	
Allir starfsmenn eiga rétt á samtali við leikskólastjóra.	Lokið

Símenntunaráætlun 2022-2023	
Fræðsludagur.	16. ágúst 2022
Haustþing leikskóla.	30.09. 2022 á Sauðárkr.
Ýmis fagnámskeið tengd málörvun, þroskamati t.d. PECS, AEPS oþh.	Starfsfólk sækir í þau námskeið sem þarf
Karellen námskeið, leikskólastjóri.	Vorönn 2023
SMT upprifjun a.m.k. einu sinni á vetri.	sept 2022, mars 2023

Starfið

Flest gekk upp á starfsárinu 2022-2023 þrátt fyrir töluverð forföll starfsfólks og vetrarveður. Á Hofsósi þurfti að seinka opnun tvisvar vegna veðurs og einu sinni á Hólum. Verkfall Kjalar setti strik í reikninginn í vor þegar loka þurfti 1-3 sinnum um hádegi í hvorri viku á báðum starfstöðvum vegna þessa. Á Hólum var ákveðið að fá inn ræstingarfyrtæki í byrjun árs 2023, til að sjá um þrif þar sem ekki tókst að ráða inn starfsmann. Gekk það fyrirkomulag ljómandi vel.

SMT – Set listinn

Ekki gafst tækifæri til að leggja fyrir SET-listann í vetur vegna anna.



Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í Tröllaborg í febrúar 2023. Könnunin mælir 31 þætti í 6 flokkum. Niðurstöður hvers aldurhóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl. Svarhlutfall var 87% en samtals svöruðu 20 foreldrar af 23 könnuninni. Alls svöruðu könnunina 40% foreldra á Hofsósi og 60% foreldra á Hólum.

Könnuninni er skipt upp í sex efnisflokka; *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta*. Að auki eru foreldrum gefinn kostur á að gefa opin svör þessum flokkum.

Áhugavert er að skoða þróun skólans á milli ára og rýni í þær niðurstöður. Hafa þarf í huga að sökum smæðar leikskólans, hefur hvert svar mikið vægi og skal rýna í niðurstöður með það fyrir augum.

Niðurstöður voru kynntar öllu starfsfólki á starfsmannafundi þegar niðurstöður lágu fyrir, þær ræddar og rýndar. Stefnt er á að halda rýnifund með foreldrum um niðurstöður til að ræða það sem vel gengur og hvar sóknarfærin liggja.

1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	82,4%	14/17	-7,6%	90,4%	2976/3286	-8,0%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	89,5%	17/19	-5,2%	91,6%	3111/3381	-2,1%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	11	0,0%	93,2%	1868/1999	6,8%
1.4. Sérþarfir í mataræði	15,0%	3/20	-6,1%	14,6%	514/3534	0,4%
1.5. Hollt mataræði	73,7%	14/19	-26,3%	93,3%	3214/3443	-19,6%*
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	95,0%	19/20	21,3%	88,0%	3102/3526	7,0%

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* kemur fram að allir foreldrar sem svara segja að barnið sé ánægt í leikskólanum líkt og niðurstöður sýndu í síðustu foreldrakönnun. *Ánægja með húsnæði og aðstöðu* er mun meiri nú en í síðustu könnun. Í öðrum matsþáttum hefur upplifun foreldra dalað frá síðustu könnun og þá sérstaklega þátturinn um *hollt mataræði*. Þegar rýnt



er í niðurstöður eru foreldrar á Hólum (fimm sem svara því til) óánægðir með þennan þátt en allir foreldrar á Hofsósi lýsa yfir ánægju sinni á matsþættinum *hollt mataræði*.

2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	70,0%	7/10	-30,0%	87,2%	1830/2090	-17,2%
2.2. Aðstaða	71,4%	10/14	-15,3%	90,2%	2321/2561	-18,8%*
2.3. Félagsleg samskipti	89,5%	17/19	2,0%	94,3%	2469/2615	-4,8%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	90,9%	10/11	-9,1%	97,2%	1907/1960	-6,3%

Í matsþættinum *Námsumhverfi* eru foreldrar beðnir um að meta *vinnubrögð*, *aðstöðu*, *félagsleg samskipti* og *þátttöku án aðgreiningar* í námsumhverfi barna sinna. Ef rýnt er í tölurnar má sjá að foreldrar í Tröllaborg meta *námsumhverfi* undir viðmiðunarskólunum og er vakin athygli á því að svarhlutfall er misjafnt eftir spurningum og hvert svar því með mismikið vægi í niðurstöðum. *Vinnubrögð* mælast mikið lægri nú en í fyrri könnun og þegar rýnt er í tölurnar eru 20% foreldra ósátt. Matsþátturinn *félagsleg samskipti* eru mælist hærra nú en í fyrri könnun. Matsþátturinn *aðstaða* sýnir marktækt undir viðmiðunarskólunum. Þegar rýnt er betur í niðurstöður sýna þær að 95% foreldra eru sammála og frekar sammála því að barn þeirra hafi næg tækifæri til að leika sér, 90% foreldra eru mjög sammála og frekar sammála því að barn þeirra hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum og 79% foreldra eru mjög sammála og frekar sammála því að námsumhverfið hvetur til rannsókna, sköpunar og tilrauna.



3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	61,1%	11/18	-21,3%	75,8%	2207/2900	-14,7%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	70,0%	14/20	-19,5%	80,1%	2630/3286	-10,1%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	100,0%	20	0,0%	93,1%	3096/3320	6,9%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	72,2%	13/18	0,8%	76,6%	2279/2963	-4,4%
3.5. Tímasetning viðburða	88,9%	16/18	7,7%	88,9%	2771/3113	0,0%
3.6. Heimasíða leikskólans	88,2%	15/17	-6,8%	84,9%	2219/2602	3,3%

Í þessari töflu má sjá niðurstöður úr matsþættinum *samskipti við foreldra*. Það sem gleður mest er að allir foreldrar svara því til að þeir hafi *góð tengsl við starfsfólk leikskólans* og er sá þáttur yfir viðmiðunarskólunum. *Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu* hefur minnkað milli kannana en er yfir viðmiðunarskólunum. Ánægja með *tímasetningu viðburða* mælist meiri nú en síðast. Niðurstöður úr *þekkingu á stefnu og námsskrá leikskólans* mælist 70% en var 89,5% í síðustu könnun. Matsþátturinn *upplýsingamiðlun* fer úr 82,4% í 61,1% milli kannana og þegar rýnt er í niðurstöður sýna þær að 26,4% foreldra (fimm talsins) segjast frekar ósammála eða mjög ósammála því að þeir fái að heyra ef barninu sínu gengur vel. Ánægja með heimasíðuna hefur dalað milli kannana þó hún sé yfir viðmiðunarskólunum.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	-	-	-	-	-	-
4.2. Flutningur milli skólastiga	40,0%	2/5	-26,7%	64,9%	300/449	-24,9%
4.3. Flutningur milli deilda	100,0%	1	0,0%	89,7%	1427/1597	10,3%

Í þessum matsþætti eru sóknarfæri en vek athygli á að mjög fáir svara þessari spurningu og því hefur hvert svar mikið vægi. Marktækur munur er á svörum foreldra í Tröllaborg og viðmiðunarskólunum.



5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	0%	0/19	-	13,7%	424/3087	-13,7%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	0%	0/19	-	10,2%	335/3313	-10,2%

Í matsþættinum *sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta* eru engar niðurstöður að fá þar sem þeir sem svöruðu spurningunni neitandi um hvort barn þitt hafi fengið stuðning eða sérkennslu á skólaárinu.

6. Opin svör

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Lýstu því hvað þér þykir <u>gott</u> við leikskólann þinn.	-	11	-	-	-	-
6.2. Lýstu því hvað þér þykir <u>að betur megi fara</u> í leikskólanum.	-	9	-	-	-	-
6.3. Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	12	-	-	-	-
6.4. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi það hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum barnsins í tengslum við mat? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	1	-	-	-	-
6.5. Ef þú hugsar um námsumhverfið í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	6	-	-	-	-
6.6. Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	5	-	-	-	-
6.7. Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	2	-	-	-	-
6.8. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	0	-	-	-	-
6.9. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérkennslu eða sérstaka stuðning sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sérstaklega gott eða sem má betur fara?	-	0	-	-	-	-

Niðurstöður úr opnum spurningum voru eftirfarandi; frábært starfsfólk sem er upp til hópa kurteist og gott í samskiptum, hlýlegt og yndislegt, aðstaða úti og inni góð, gott flæði milli útiveru og skipulags starfs, samstarf leik- og grunnskólans, lítill og persónulegur leikskóli, góð samskipti, mætti vera meira daglegt upplýsingaflæði, foreldrum líður ekki eins og þeir hafi áhrif á starf leikskólans, virkja yngri börnin fyrr t.d. í útikennslu, vantar örvandi verkefni fyrir börnin t.d. meiri tónlist í skólastarfið, meiri sveigjanlega og



frumkvæði, stefna um hollt og gott mataræði virðist ekki fylgt, vantar leik starfsfólks með og við börnin, hlustað á áhyggjur og allt gert til að koma til móts við okkur, mætti vera meira um opinn efnivið, oftar tilraunir og unnið meira með skynörvun, matseðill leikskólans einstaklega fjölbreyttur og góður.

Áætlun um sjálfsmat 2022-2025

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og áætlun til þriggja ára um hvenær ráðgert er að leggja þá fyrir til mats og umbóta. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Grár litur táknar gæðagreina sem Tröllaborg hefur gert til að meta áhersluþætti í starfinu. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2022-2023	2023-2024	2024-2025
haustönn	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 2.7 Samstarf	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna
	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	gg. 2.1 Vernd barna	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat
	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi
		gg. 4.1 Mötuneyti	
vorönn	gg. 2.2 Skólanámskrá	gg. 1.3 Breytingastjórnun	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi
	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
		gg. 4.9 Þátttaka starfsmanna í starfi	gg. 4.4 Tónlist



		gg. 4.5 Málörvun	gg. 4.6 Hópastarf
	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl	Mat nemenda - rýnihópaviðtöl
Febrúar	Foreldrakönnun Skólapúlsins		Foreldrakönnun Skólapúlsins
Mars		Starfsmannakönnun Skólapúlsins	

Skýrslur birtar

September	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
Október	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun

Viðauki 1 - einkunnaskali úr sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er skólinn okkar?*

Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

Framúrskarandi	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
-----------------------	---



Mjög gott	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
Gott	Gott Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
Fullnægjandi	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
Slakt	Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans
Ófullnægjandi	Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum